



Keðjuábyrgð aðalverktaka

Fræðsla hjá Samtökum iðnaðarins

Dagmar Sigurðardóttir og Hildur Georgsdóttir
lögmenn Ríkiskaupum

17. febrúar 2020

INNKAUP OPINBERRA AÐILA Á VEGUM RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA

- Síðastliðin áramót tók breytingin gildi – aðalverktaka ber að tryggja réttindi allra launþega í keðjunni
- Varðar viðskipti hins opinbera – lög um opinber innkaup nr. 120/2016 – 88. gr. A)
- Áhersla lögð á mannréttindi, baráttu gegn spillingu og félagslegum undirboðum
- Lagabreytingin liður í að ná þeim markmiðum.
- Samskonar lög erlendis
- Bæði ábyrgð aðalverktaka og opinbers aðila að gæta að réttindum launþega
- Þessi lagabreyting á fyrst og fremst við um byggingu mannvirkja

Hvað er keðjuábyrð?

Varðar verkefni hins opinbera – bæði ríkis og sveitarfélaga - 88. gr. a) í lögum um opinber innkaup:

Aðalverktaki skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn hans, undirverktaka eða starfsmannaleiga, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Kaupandi skal gera grein fyrir ábyrgð aðalverktaka í útboðsgögnum.

Hvað er keðjuábyrð?

Kaupanda er heimilt að greiða vangoldnar verktakagreiðslur til undirverktaka og annarra starfsmanna, sem svara til launatengdra greiðslna, á kostnað aðalverktaka standi hann ekki í skilum með slíkar greiðslur.


Skilyrði fyrir greiðslum skv. 2. mgr. er að heimild þar að lútandi sé tilgreind í útboðsgögnum, að verk sé í nánun og eðlilegu samhengi við opinberan samning sem undirverktaka er ætlað að framkvæma fyrir aðalverktaka og að kröfum sé beint til verkkaupa innan fjögurra mánaða frá því að þær gjaldféllu.

Starfsmaður án atvinnuleyfis ætlar í mál við fasteignafélag

Bosníumaður lærbrotnaði í vinnuslysi á Akureyri. Verkstjórinn ók honum á flugvöllinn tíu dögum eftir slysið. Fékk á annað hundrað þúsund krónur fyrir sjö vikna starf að frá-dregnum ferðakostnaði. Fyrirtækið segir undir-vertaka frá Serbíu bera ábyrgð á manningnum.

DÓMSMÁL Bosnískur ríkisborgari hefur sótt um gjafsókn til dómsmálaráðuneytisins vegna máls sem hann hyggst höfða gegn fasteignafélagi á Akureyri til greiðslu vangoldinna launa og skaðabóta vegna alvarlegs vinnuslyss sem hann varð fyrir eftir sex vikna vinnu á Íslandi. Fasteignafélagið segist hafa verið verkkaupi og bera enga ábyrgð á manningnum, heldur hafi hann verið starfsmaður serbnesks verktaka.

Maðurinn, Radenko Staniscic, lærbrotnaði í slysinu og á slysa-degi kom í ljós að hann hafði hvorki dvalar- né atvinnuleyfi á Íslandi. Hann var útskrifaður af Sjúkrahúsinu á Akureyri eftir níu daga. Á tíunda degi eftir slysið ók verkstjór-

 **Honum var bara skutlað út á flugvöll með mölbrotinn fót.**

Þórður Már Jónsson, lögmaður

inn Radenko til Keflavíkur þaðan sem hann flaug til Vínarborgar. Hann beið þar í tvo daga eftir flugi til Sarajevo þaðan sem hann komst til Vlasenica í Bosníu þar sem hann býr ásamt konu sinni.

Í gjafsóknarbeiðni Radenko kemur fram að hann notist enn

við hækjur og hafi verið óvinnu-fær síðan slysið varð fyrir tæpu ári. Hann beindi kröfu til félagsins um bætur vegna slyssins og um greiðslu vangoldinna launa en Radenko vann á Íslandi í sjö vikur og fékk aðeins um 165 þúsund krónur í laun að frá-dregnum tæplega 40 þúsund krónum sem voru dregnar af laununum hans fyrir flugfarinu til landsins.

„Hann á auðvitað inni réttmæt laun fyrir tímann sem hann vann og við það bætist að honum var aldrei sagt upp störfum. Honum var bara skutlað út á flugvöll með mölbrotinn fót. Hann á því einnig inni laun í uppsagnarfresti,“ segir Þórður Már Jónsson, lögmaður Radenko.

– að / sjá síðu 4

Beinar greiðslur til launþega á kostnað aðalverktaka

- **Aðalverktaki getur orðið ábyrgur fyrir launagreiðslum annars fyrirtækis, þ.e. undirverktaka, þeirra undirverktaka eða starfsmannaleigu og öðrum greiðslum sem tengjast því að hafa starfsmann sem kemur að framkvæmd samnings.**
- **Skilyrði fyrir slíkum greiðslum er að kaupandi hafi getið ábyrgðar verktaka í útboðsgögnum.**
- **Kröfum skal beint til kaupanda innan 4 mánaða frá því að þær gjaldféllu.**

MEGINMARKMIÐ

- **Markmið** að starfsfólk fái laun og réttindi skv. kjarasamningum og lögum.
- **Hvati fyrir opinbera aðila og aðalverktaka** að vanda val á samningsaðilum.
- **Fyrirbyggjandi** – hvati fyrir aðalverktaka að vanrækja ekki skyldur sínar um greiðslur til undirverktaka og allra starfsmanna.

HLUTVERK AÐALVERKTAKA

TRAUST MIKILVÆGT

- **Skylt** að hafa **ferli og starfsaðferðir** sem miða að því að eftirlit verði haft með kjörum allra starfsmanna.
- Strangt kerfi ? Nákvæmt eftirlit?
- Lágmarksreglur og eftirlit ?
- Aðalverktaki ætti að hafa **ákvæði í samningum** við undirverktaka og starfsmannaleigur um:
 - ❖ **Skyldur varðandi laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi** skv. kjarasamningum og lögum.
 - ❖ **Heimild til að hafa eftirlit** til að fylgja eftir ábyrgð skv. lögum.
 - ❖ **Fyrirvarar um beinar greiðslur** til undirverktaka og starfsmanna.
 - ❖ Dæmi um samningsákvæði bls. 8 í leiðbeiningum.

KRÖFUR Í SAMNINGUM

- ❖ Skyldur undirverktaka gagnvart starfsfólki
 - ❖ Skyldur sem notendafyrirtæki -starfsmannaleigur.
 - ❖ Heimild til eftirlits á starfsstöð í samráði við stéttarfélög og Vinnumálastofnun.
 - ❖ Aðgangur að ráðningarsamningum, tímaskráningu, slysatryggingaskilmálum og fl.
 - ❖ Sjálfsmat í upphafi samnings gagnlegt við eftirlit
 - ❖ Kvartanir - TRÚNAÐARMÁL
 - ❖ Áskilnaður um að halda eftir greiðslum og greiða beint til undirverktaka.
 - ❖ Er starfsmannaleiga skráð í samræmi við lög ?
-
- **9. gr. persónuverndarlaga** – vinnsla heimil ef nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila. Söfnun því nauðsynleg.

Aðgangur að persónuupplýsingum

- ❖ 3. tl. 9. gr. persónuverndarlaga
- ❖ Vinnsla persónuupplýsinga heimil ef hún er nauðsynleg til að **fullnægja lagaskyldu**

Persónuvernd – skyldur aðalverktaka

- ❖ Aðalverktaka er **skyld að tryggja** og **bera ábyrgð** á að allir starfsmenn (starfsmenn hans, undirverktakar eða starfsmannaleiga) fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög

- ❖ Til að uppfylla þá skyldu gæti aðalverktaki þurft að safna ákveðnum persónuupplýsingum

HLUTVERK OPINBERRA KAUPENDA

- ❖ Eftirlit með aðalverktökum og þeirra undirverktökum.
 - ❖ Skilmálar í handbókum og gátlistum.
 - ❖ Hver fylgir eftir ?
 - ❖ innkaupastjóri – samningsstjóri – verkefnastjóri – umsjónarmaður fasteigna – verkeftirlit ?
 - ❖ Áhættumat – í upphafi og reglulega.
-
- ❖ Opinberir aðilar sem kaupendur hafa mikilvægu hlutverki að gegna með því að útbúa útboðsgögn og samninga þannig að aðalverktaka sé gerð grein fyrir keðjuábyrgð samkvæmt lögum um opinber innkaup. Sjá kafla 4.1. í leiðbeiningum
-
- ❖ Virkt eftirlit
 - ❖ Óundirbúnar skoðanir.
 - ❖ Viðurlög - Eindregin hvatning.
-

KRÖFUR KAUPANDA Í SAMNINGUM

- ❖ Skyldur aðalverktaka og undirverktaka gagnvart starfsfólki skv. lögum og kjarasamningum.
- ❖ Krafa um skráningu hvernig verktaki ætlar að tryggja að þessu sé framfylgt.
- ❖ Viðurlög ef brotið í bága við þessar skyldur.
- ❖ Sjá dæmi um ákvæði í útboðsskilmálum Ríkiskaupa bls. 12 í leiðbeiningum.
- ❖ Krafa um sjálfsmat
- ❖ Allir starfsmenn séu með starfsmannaskírteini.
- ❖ Enginn undirverktaki komi að verkefni nema skv. upplýstu skýru samþykki kaupanda.
- ❖ Viðurlög ef verktaki eða undirverktakar skila ekki umbeðnum upplýsingum og sjálfsmati.
- ❖ Frestur varðandi skil á sjálfsmati.

EFTIRLIT Á SAMNINGSTÍMA

- **Sjálfsmat verktaka** notað m.a. til að gera **áhættumat** – t.d. **1 sinni á ári**.
- Nýtt **áhættumat** ef grunur um brot.
- Fylgja áhættumati eftir með ítarlegu eftirliti ef hætta á brotum..
- **Rýni á skjölum** – t.d. sjálfsmati.
- Kalla eftir frekari upplýsingum ef þarf.
- Kalla eftir aðstoð opinberra Vinnumálastofnunar, Vinnueftirlits, Skattsins og lögreglu ef tilefni.
- Eftirlit á verkstað- gátlistar.
- Aðgerðir og viðurlög í samræmi við alvarleika brots.
- **Skýrslugerð og skilamat.**
- Sjá viðauka 1 – dæmi um sjálfsmat verktaka og leiðbeiningar um útfyllingu á því.
- [Leiðbeiningar á vef FJR](#) eru hér.

Sjálfsmat aðalverktaka

- ❖ Verktaki fyllir sjálfur út sjálfsmatið
- ❖ Fyrirmynd að sjálfsmati má sjá í **Viðauka 1** í leiðbeiningum um keðjuábyrgð
- ❖ Eyðublaðinu er skipt í 4 flokka
 - ❖ Upplýsingagjöf um vegna ábyrgðar verktaka á starfskjörum

❖ **Dæmi um spurningar úr sjálfsmati:**

1. Hefur fyrirtækið skipt um kennitölu á sl. 2- árum?
 2. Á hvaða ÍSAT atvinnugreinaflokkun er fyrirtækið skráð?
 3. Hvert er hlutfall erlendra starfsmanna?
 4. Er notast við erlend þjónustufyrirtæki?
 5. Borgar fyrirtækið fyrir mat og gistingu?
 6. Eru starfsmenn með einn eða fleiri trúnaðarmann?
 7. Hvernig er tryggt að starfsmenn fái greitt í samræmi við kjarasamninga?
 8. Hafa eftirlitsyfirvöld haft afskipti af fyrirtækinu sl 2 ár?
-

Ef brot kemur í ljós

- OPINBER AÐILI ÆTTI AÐ:
 - Tilkynna Vinnueftirlitinu um óásættanlegar vinnuaðstæður með tilliti til hollustuhátta og öryggis á vinnustöðum.
 - Tilkynna Vinnumálastofnun um vankanta eða misræmi í starfsemi starfsmannaleigna og erlendra þjónustufyrirtækja eða grun þar um.
 - Hafa skrifleg samskipti við verktaka og undirverktaka um ætluð brot.
 - Viðkomandi aðilar eigi kost á að gera athugasemdir og leiðrétta misskilning ef um slíkt er að ræða.
 - Gefa viðkomandi hæfilegan frest til að lagfæra það sem aflaga hefur farið og veita skriflegt svar um úrbætur.
 - Meta hvort þörf er á lögfræðiaðstoð ef vafi leikur á um hvaða úrræðum skal beita.
-



Keðjuábyrgð aðalverktaka

Fræðsla hjá Samtökum iðnaðarins

Dagmar Sigurðardóttir og Hildur Georgsdóttir
lögmenn Ríkiskaupum

17. febrúar 2020